



## DAUÐI JANÚAR 2008

### Spurningar nemenda:

- Dauðinn?
- Er líf eftir dauðann?
- Hvernig væri ef það væri líf eftir dauðann?

### Spurningar úr heimi heimspekinnar:

- Hugmyndir manna um dauðann – hverjar eru þær?  
Skv. rannsóknnum Susan Carey þroskasálfræðings á hugmyndum barna:
  1. að deyja er eins og að sofna eða fara burt. Dauðinn er ekki endanlegur, það er hægt að vakna upp af honum eins og svefni. Dauðinn er sorglegur því þá er maður ekki lengur með mömmu og pabba.
  2. dauðinn er endanlegur, maður vaknar ekki upp frá dauðanum. Dauðinn er alltaf af utanaðkomandi völdum (skilja ekki að það geti bara verið líkaminn sem starfi ekki lengur)
  3. dauðinn er hluti af óhjákvæmilegu, líffræðilegu ferli. Manneskjur lifa, eldast og deyja. Dauðann er ekki hægt að taka til baka.
- Hvenær er manneskjan dáin?
- 7 ára barn er að deyja úr hvítblæði. Hvernig eiga foreldrarnir að tala um dauðann við barnið sitt?
- Af hverju eru manneskjur hræddar við dauðann?
- Hvernig væri lífið ef dauði væri ekki til?
- Hvernig væri að vera ódauðlegur?
- Er lífið heilagt? Er dauðinn heilagur?
- Skiptir máli hvernig manneskja deyr?
- Er einhvern tímann réttlætanlegt að valda dauða annarrar manneskju?
- Guð er dauður! Hvað þýðir þessi fullyrðing?

### Fyrstu hugmyndir:

- Við höldum okkur við raunveruleikann en förum ekki yfir í þetta Guð-Secret- mál. (Víglandur)
- Hvað er sérstakt við dauðann?
- Er lífið heilagt? Ef svo er, er þá ekki dauðinn heilagur líka?
- Hvernig væri lífið ef dauði væri ekki til?
- Hvernig væri að vera ódauðlegur?
- Af hverju er manneskjan hrædd við dauðann?  
Sennilega því fólk veit ekki hvað gerist við eða eftir dauðann  
Mannsköpun er hrædd við það sem hún veit ekki, skilur ekki?

## Heimsspeki Dauði

- Hvenær er manneskja dáin?
- Hvað er réttur aldur fyrir manneskju að deyja?
- Skiptir máli hvernig maður deyr?  
Misjafnt, t.d. ef fólk hefur þjáðst af sjúkdómum lengi þá er það bara fegið að deyja og hefur haft tíma til að venjast. En morð er öðruvísi, fólk er miklu lengur að komast yfir það, sorgina.  
Þægilegra að deyja á innan við mínútu en á 10 árum.
- Af hverju vill maður ekki deyja einn?
- Sagt er að það sé líf eftir dauðann, hvernig veit einhver það?
- Segjum að þú deyir í bílslysi, þá gerist svo fljótt, hvernig veistu að þú ert dauður. Ef þetta gerist svona ógeðslega hratt, það getur ekki verið að maður hverfi bara, hlýtur að vera að einhver komi til þín og leiði til hins góða.
  - Af hverju þarf lífið eftir dauðann að vera eitthvað betra en lífið núna?
  - Fólk trúir því að menn geti snúið til baka eftir dauðann af því að það vill fá fólknið tilbaka, ekki af því að það kemur tilbaka.
- Hvað með fólk sem deyr og kemur til baka?
  - Sálir manna fara á ákveðinn stað við dauðann og geta svo komið aftur í öðrum líkama
- Er einhvern tímann réttlætanlegt að valda dauða annarrar manneskju?
- Er réttlætanlegt að taka líf?  
Já til að halda öðru lífi.
- Guð er dauður! Hvað þýðir þessi fullyrðing?  
Fullyrðingin er ósönn því hann var aldrei lifandi.

## **Samræða 6. febrúar: Hvernig væri lífið ef dauði væri ekki til? Hvernig væri að vera ódauðlegur?**

- Eru þetta ein og sama spurningin?
  - Nei:
    - Breytir það heiminum? (fyrri spurningin)
    - Breytir það einstaklingnum? (seinni spurningin)
- Líf án dauða væri eins og ljós án skugga
  - við segjum að við lifum núna því við vitum að við munum deyja seinna
  - það er ekki til ljós án skugga, það er ekki til líf án dauða
  - væri eitthvað líf ef við myndum aldrei deyja?
- ódauðlegur: er þá verið að tala um að við munum ekki deyja úr elli, maður eldist ekki?
  - getum ekki vitað það því enginn ódauðlegur hefur verið til?
  - ef ég er ódauðleg – er þá ekki hægt að drepa mig?
  - Ef við verðum ódauðleg akkurat núna – vað þýðir það?
    - sjáum á eftir fjölskyldum okkar deyja

## Heimspeki Dauði

- væri alltaf að kynna nýju fólki, upplifa nýtt líf
- ef maður eldist og er orðinn 300 ára gamall
- Hvað ef allir væru ódauðlegir? og hefðu alltaf verið?
  - þá hefði Jesús, Hitler ekki sett spor sín á jörðina
  - við værum alltof mörg
  - maður myndi nýta sér að vera ódauðlegur
    - t.d. hryðjuverkamenn
    - extreme sports væru miklu vinsælli
  - myndi líkaminn eyðileggjast t.d. við slys
- Lífandi hlutir verða að deyja einhvern tímann
  - maður myndi vilja deyja – vill maður vera ódauðlegur
  - goðsagnir lifa lengur en lífverurnar sem voru upphafið að þeim, t.d. Péle, Bítlarnir,
  - en goðsagnir lifa ekki endalaust
  - Jesús er samt mjög gömul goðsögn – þetta er minningin um manneskjuna
  - getur minning verið ódauðleg?
    - ekkert sama að segja að maður sé lífandi og að minning sé lífandi, alls ekki sami hluturinn
    - af hverju – getur Jesús ekki verið til þótt líkami hans sé dauður?
    - En þá væru allir til þótt þeir væru dauðir – þá eru allir ódauðlegir!
    - En það muna ekki allir eftir Jóni úti bæ – það er öðruvísi en minningin um Jesús sem svo margir þekkja.
- Hvað er að vera dauður?

### **Tími 8. febrúar: Búum til mynd – Hvað er að vera dauður?**